



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður & Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

Tálknafjarðarhreppur
Strandgötu 38
460 Tálknafjörður

miðvikudagur, 11. september 2024
MÍ202403-0029/ 6.09 / L.G.

Efni: Deiliskipulag íþróttasvæðis á Tálknafirði

Með bréfi dagsett 06.09.2024 óskaði Ískar Örn Gunnarsson eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag skóla og íþróttasvæði Tálknafjarðar. Fornleifaskráning hefur verið gerð (Atli Rúnarsson, 2024. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á stofna- og íþróttasvæðinu á Tálknafirði). Í heild voru fjórar minjar skráðar innan deiliskipulagsreitsins. Hins vegar sáust engar minjar á vettvangi þar sem umrætt svæði hefur verið slétttað. Enn fremur bendir Atli Rúnarsson á í skráningu að svæðið hafi verið þéttbýlt og því kunna minjar enn að leynast undir sverði. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Að öðru leyti gerir Minjastofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt,

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Lísabet
Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða
lisabet@minjastofnun.is

